

Fundur Ræktunarstjórnar 8. október 2013

Fundur haldinn í Kaupúni 20.00 til 22.00

Mættir: Guðbjörg Guðmundsdóttir, Guðmundur A. Guðmundsson, Heiðar Sveinsson og Þórhallur Atlason, Arnar Tryggvason var fjarverandi.

- Dagskrá veiðiprófa sumarið 2014: Veiðinefnd hafði komið með tillögu að dagskrá: HRFÍ hefur fært sýningu sem var fyrirhuguð 31 maí og 1 júní á helgina 21 og 22 júní, þetta verður afmælishátíð HRFÍ. Af þessum sökum er ekki hægt að halda tvöfalt veiðipróf að Melgerðismelum þessa helgi. Ekki var hlómgrunnur fyrir því að hafa erlendan dómara á 6 af 13 prófum, þar vegur hæðst að islenskir dómara þurfa að fá meiri reynslu í dómgæslu, eins er þetta kostnaðarsamt. Almennt eru stjórnarmenn jákvæðir fyrir nýjum prófsvæðum. Ágústpróf sem er sett á Snæfellsnes eða Galtalækur þarf að vera betur neglt niður áður en dagskrá er samþykkt. Leitað verður til Veiðinefndar með að klára þá vinnu fyrir lok Nóvember ásamt því að hafa samband við dómara. Þar sem próf á Melgerðismelum færast fram um eina helgi er langt í næsta próf, kom fram tillaga að bæta við prófi þar á milli og jafnvel að nýta tillögu frá Kristjáni Baldvinssyni og sjá hvort Fiskilækur kæmi til greina sem prófsvæði. Ritara var falið að senda á veiðinefnd tillögu að nýrri dagskrá og svör stjórnar.
- Þar sem dagsetningar á próf með erlendum dómurum voru komnar var ákveðið að fara í þá vinnu að bjóða dómurum fyrir næsta sumar.
- Skráningar á próf næsta sumar. Samþykkt var að fara að tillögu veiðinefndar og opna fyrir skráningu 24 dögum fyrir próf, þannig eru tvær vikur til að skrá sig áður en skráning lokar. Lagt var til að notast við sama greiðslufyrirkomilag og verið hefur síðustu tvö ár.
- Í punktum veiðinefndar kom fram áhugi á að setja upp A-próf. Málið var ekki formlega rætt, stjórn er jákvæð á þessa vinnu. Benda skal á að vinna þetta í nánú samráði við dómara og stjórn, með reglur og annað í huga. Verður tekið upp á næsta fundi. Skipuleggja fundi með vinnunefndum deildarinnar.
- Deildarsýningar: Samþykkt var að samnýta dómara með Díf og mun formaður funda með þeim um tilhögun og skiptingu kostnaðar
- Námskeið næsta sumars: spurning hvort Trond getur tekið stutt námskeið annað ekki rætt.
- Dagskrá vetrarins: beðið eftir dagskrá frá nefndum.
- Ákveðið var að senda skráðum ræktendum póst til að fá tengingar á heimasíður uppfærðar og jafnframt að spyrja hvort viðkomandi sé enn í ræktun.

Fundargerð ritaði HS